

Hjálpræðisherinn

Alþjóðleg afstöðu yfirlýsing

Fóstureyðingar

1. Yfirlýsing um efnið

Fóstureyðing er skilgreind sem aðgerð eða önnur aðferð til að enda þungun áður en fóstrið er lífvænlegt. Þessi skilgreining lýsir “framkallaðri eða valinni endingu þungunar (fóstureyðingu)” og er það sem þessi yfirlýsing fjallar um. Þessu efni ætti ekki að rugla saman við “skyndilegan fósturmissi” eða “fósturlát” þegar meðganga endar af “náttúrlegum” völdum.

Hvert ár uppgötva yfir 210 milljónir kvenna um allan heim að þær séu þungaðar. Af þessum þungunum munu um 80 milljónir ekki ná fullri meðgöngu. Af þeim, er bundinn endi á um 42 milljónir þungana með framkallaðri fóstureyðingu þar sem um 20 milljónir þeirra eru ólöglegar.

2. Yfirlýsing um afstöðu

Hjálpræðisherinn trúir því að allt fólk sé skapað í Guðs mynd og sé þess vegna einstakt og óendanlega verðmætt. Mannlegt líf sé heilagt og að allt fólk eigi að koma fram við af virðingu og reisu. Hjálpræðisherinn lítur svo á að við frjóvgun byrji mannlegt líf. Við trúum að samfélagið beri ábyrgð á því að annast hvert annað, og sérstaklega vernda og stuðla að velferð viðkvæms fólks, þar með talið ófæddra barna.

Hjálpræðisherinn trúir því að lífið sé gjöf frá Guði og að við séum ábyrg gagnvart Guði þegar við tökum líf. Vegna þessa, hefur Hjálpræðisherinn áhyggjur af fyrirframgefnu samþykki varðandi fóstureyðingar, sem endurspeglar ófullnægjandi umhyggju fyrir viðkvæmum manneskjum þar með talið þeim ófæddu. Við trúum ekki að genatísk frávík sem eru skilgreind í ófæddum börnum sem munu vera lífvænleg í lengri tíma eftir fæðingu séu næg ástæða til að enda þungun.

Hjálpræðisherinn viðurkennir hræðilegar og flóknar kringumstæður sem krefjast erfiðra ákvarðana þegar kemur að meðgöngu. Ákvarðanir ætti að taka eftir bæn og mikla umhugsun, þar sem tekið er inn í myndina hinn mikla þrýsting sem óvænt þungun kann að hafa í för með sér. Það er ábyrgð allra sem málinu tengjast að gefa foreldrum ófædda barnsins, sérstaklega konunni, viðeigandi sálgæslu, lækniástoð og aðra ráðgjöf. Hjálpræðisherinn trúir því að ending þungunar geti aðeins átt sér stað þegar

- áframhaldandi þungun ógni lífi móðurinnar eða
- rökstudd greining hefur sýnt fram á óeðlileg frávík sem ljóst er að muni aðeins leiða til mjög lítilla lífslíka eftir fæðingu

Að auki, þá eru nauðgun og sífjaspell grimmilegur gjörningur sem brýtur konur niður bæði líkamlega og andlega. Við þær aðstæður þarf að meta

hvert mál fyrir sig þegar kemur að fóstureyðingu þar sem framhald þungunar getur verið framlenging á ofbeldinu. Hjálpræðisherinn staðfestir og styður fagfólk sem kemur að umhyggju þungaðra kvenna sem af trúarlegum eða siðferðilegum ástæðum telja sig ekki geta tekið þátt í fóstureyðingum.

3. Undirstöðuatríði, staðreyndir og upplýsingar

Fóstureyðing er ekki nýtt fyrirbæri

Framkallað fósturlát- ákvörðun sem tekin er til að enda meðgöngu er ekki ný athöfn. Í gegnum söguna hefur það verið skráð í fornum kínverskum og egypskum samfélögum og einnig rómverskum og grískum. Mynstur framkvæmdra fóstureyðinga er ótrúlega svipað um allan heim og í gegnum aldir. Þegar konur hafa staðið frammi fyrir óvelkomnum þungunum hafa sumar þeirra valið fóstureyðingu- burtséð frá trúarlegum eða löglegum skoðunum og oft tekið mikla áhættu.

Konur leita eftir fóstureyðingu af flóknum ástæðum

Ekki ætti að líta á fóstureyðingu sem fljótlegt svar við óþægilegri eða óvelkominni þungun. Ekki er hægt að líta á þær mörgu og flóknu ástæður þess að konur leita eftir fóstureyðingu sem léttvægar eða vanhugsaðar. Hvert einstakt dæmi sýnir fjölda erfiðleika sem konur standa frammi fyrir í lífsgöngu sinni, stríð eða þekkt kynbundið ofbeldi. Margar ástæður fyrir því að konur velja ekki eða geta ekki varið sig gegn óátlaðri þungun er vegna menningarlegra, félagslegra og fjárhagslegra þátta.

Nauðgun sem stríðsvopn

Nauðgun, þvingað vandi og önnur form kynferðislegs ofbeldis gerast á stríðstímum, ekki aðeins sem val hvers einstaks hermanna heldur einnig sem hernaðarleg taktík til að auðmýkja og vanvirða óvininn. Skráð dæmi eru mörg þúsund. Þær konur sem verða þungaðar í aðstæðum sem þessum minna stöðugt á hernaðarlega vanhæfni samfélags síns.

4. Biblíuleg og guðfræðileg undirstöðuatríði

Fjöldi Biblíulegra og guðfræðilegra undirstöðuatríða hafa áhrif á afstöðu Hjálpræðishersins til fóstureyðinga.

Heilagleiki lífsins

Hjálpræðisherinn trúir á heilagleika mannlegs lífs. Mannkynið var skapað í Guðs mynd (1. Mós 1:27). Allt fólk- án undantekninga- hafi gildi, og eigi sérstakan stað í sköpun hans (Sálm 8:5), án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, trúar, heilsu eða félagslegrar stöðu, eða möguleika þeirra á því að ná árangri. Biblían gerir það ljóst að mannlegt líf sé heilagt: Það er Guð sem gefur lífið (Post 17:25) og Guð sem ákveður hvenær það endar (Sálm 104:29). Ritningargreinar um líf saklausra manneskja er sérstaklega staðfest (Jes 59:7, Jer 22:3)

Upphaf mannlegs lífs og persónuleika

Umhyggja Guðs fyrir mannkynið á einnig við um lífið í móðurkviði (Sálm 139:13-16, Jer 1:5). Þetta endurspeglast í lögmáli gamla testamentisins sem ákveður refsingu fyrir þá sem verða þess valdandi að enda líf fósturs (2. Mós 21:22-23). Heimsókn Maríu til Elísabetar (Lúk 1:39-45) virðist sýna áframhald lífsins frá fósttri. Þó ekki sé sérstaklega minnst á fóstureyðingu þá gefa þessir textar í skyn að hver ákvörðun sem tekin er til að enda ófætt líf sé brot á helgun þess og þess vegna alvarlegt mál þegar kemur að réttlætingu gagnvart Guði.

Frjáls vilji

Hluti af lífinu sem gjöf Guðs til mannkyns er frjáls vilji okkar og hæfileikinn til að taka ákvarðanir (Orðskv. 1:29, Jes 7:15-16). Sumt fólk myndi færa rök fyrir því að þrátt fyrir hugmyndina um heilagleika lífsins, eigi móðirin rétt á að kjósa hvort hún vill eða ekki halda meðgöngu áfram og að hennar réttur til þess sé meiri en réttur barnsins til að lifa. Þetta samræmist ekki kristinni trú um að Guð beri umhyggju fyrir og verndi þann sem er veikur og utangarðs (3. Mós 19:14, 33-34) og að hann sé Guð réttlætis (Sálm 140:12, 146:7-9). Mannréttindi verða að vera hönd í hönd með mannlegri ábyrgð. Ef fóstureyðing á sér stað er það ábyrgð hins kristna að vernda þá sem eiga á hættu að vera settir til hliðar.

5. Praktísk svörun

Hjálpræðisherinn heldur hjónabandið í heiðri og tryggð innan þess og hvetur alla til að lifa samkvæmt þessum hugmyndum.

Alvarleg skuldbinding til að vernda og bera umhyggju fyrir hinu ófædda kallar á forvarnir gegn óvelkomnum þungunum í gegnum hluti eins og aðgengi að áreiðanlegum getnaðarvörnum, öryggi í samböndum og samfélagslegri virðingu kvenna.

Hjálpræðisherinn tekur þarfir, réttindi og ábyrgð foreldra og ófæddra barna alvarlega þegar kemur að málefnum fóstureyðinga. Þegar óvelkomin þungun á sér stað gefur Hjálpræðisherinn foreldrum ráðgjöf um umhyggju og stuðning er varðar tilfinningalegar, líkamlegar, félagslegar og andlegar þarfir. alveg þar til hið ófædda barnið er fullburða.

Við viðurkennum að lög um fóstureyðingar séu til í sumum löndum. Önnur úrræði en að binda enda á þungun ættu ávallt að vera skoðuð samhliða ráðgjöf til að styðja bæði konuna og hið ófædda barn. Hjálpræðisherinn leitast við að styðja konur sem hafa gengist undir fóstureyðingu með umhyggju og virðingu á kærleiksríkan og miskunnssaman hátt án mismununar. Hjálpræðisherinn mun einnig sýna kærleika, miskunnsemi og samfélag þeim sem á einhvern hátt tengjast málinu. Hjálpræðisherinn viðurkennir að ákvörðun til að binda enda á þungun hefur í för með sér tilfinningalegar og líkamlegar afleiðingar í mörg ár og verður oft til þess að eyðileggja sambönd og sjálfsvirðingu einstaklinga.

Óvelkomnar þunganir eru stundum afleiðing lélegra félagslegra aðstæðna eins og fátæktar og stríðs. Hjálpræðisherinn vill vera talsmaður samfélags sem upphefur heild, frelsi, lífsgæði og mögulegan þroska alls fólks.

Samþykkt af Generalnum- Nóvember 2010

Skoðanir sem finna má í Alþjóðlegri afstöðu yfirlýsingu innihalda stöðu Hjálpræðishersins á málefnið sem um ræðir og má ekki breyta á nokkurn hátt án skriflegs leyfis Alþjóðlegu höfuðstöðvanna

Sources:

Brown, H. Abortion round the world. *British Medical Journal*. 335(7628) (2007):1018-9.;

Sedgh, G, S Henshaw, S Singh, E Åhman, and IH Shah. Induced abortion: estimated rates and trends worldwide. *Lancet* 370 (2007): 1338–45.

See the Guttmacher Institute for regularly updated data: www.guttmacher.org

Alþjóðleg yfirlýsing Hjálpræðishersins

Hjálpræðisherinn er alþjóðleg evangelísk hreyfing, hluti af hinni almennu kirkju. Boðskapurinn grundvallast á Biblíunni. Þjónustan er knúin af kærleika Guðs. Verkefnið er að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist og í nafni hans mæta mannlegri neyð án mismununar.

Hjálpræðisherinn starfar í 131 landi um allan heim.